

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXVII. árgangur.

1. hefti.

1986

Þriðjudaginn 14. janúar 1986.

Nr. 197/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sólrúnu Elisdóttur

(dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Skjalafals. Þjófnaður. Vaxtakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsón.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. júlí 1985 að ósk ákærðu og að því er hana eina varðar, en með ákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi. Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 5. desember sl.

Tékka þann, sem um ræðir í ákærulið II.6. og ber númerið 1735197, undirritaði ákærða með nafninu Páll Gíslason, en ekki Guðrún Gísladóttir, svo sem í ákæru greinir. Með þessari athugasemd ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara að ákærða hafi framið brot þau sem henni eru gefin að sök og brotið gegn þeim refsíákvæðum sem í ákæru greinir.

Refsing ákærðu er með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærðu krafist þess að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði ómerkt og kröfunum vísað frá dómi. Hins vegar er kröfunum eigi mótmælt tölulega og heldur eigi vaxtakröfum né upphafstíma vaxta. Af hálfu ákærvalds er ómerk-

ingarkröfunni mótmælt og krafa gerð um staðfestingu á héraðsdómi að þessu leyti.

Héraðsdómari hefur dæmt ákærðu og meðákærða í héraði til greiðslu bóta til Kaupfélags Þingeyinga ásamt dráttarvöxtum, án þess að tilgreina vaxtafót nánar, og einnig dæmt ákærðu til bótagreiðslu til Bifreiðastöðvar Íslands með sams konar vaxtaákvæði. Verður að ómerkja þessi vaxtaákvæði héraðsdóms og vísa vaxtakröfunum á hendur ákærðu Sólrúnu frá héraðsdómi. Að öðru leyti þykja eigi efni til að ómerkja bótaákvæði héraðsdóms og ber að staðfesta þau að því er varðar ákærðu Sólrúnu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að því er ákærðu varðar og dæma hana til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Sólrún Elísdóttir, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur eru staðfest að því er ákærðu varðar að öðru leyti en því að ómerkt eru ákvæði dómsins um vexti af bótakröfum Kaupfélags Þingeyinga og Bifreiðastöðvar Íslands og vaxtakröfunum á hendur ákærðu Sólrúnu vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að því er ákærðu varðar.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1985.

Ár 1985, föstudaginn 28. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómarar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 374-375/1985: Ákærvaldið gegn Sólrúnu Elísdóttur og V, sem tekið var til dóms 24. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. júní 1985, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Sólrúnu Elísdóttur, fæddri

í Reykjavík 4. maí 1956 og V; báðum til heimilis að Ferjubakka 10 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum:

I. Ákærðu er báðum gefið að sök:

1.

Að hafa, mánudaginn 6. ágúst 1984, stolið myndbandstæki af gerðinni Nordmende og sambyggðu útvarps- og segulbandstæki af gerðinni Grundig að Vistheimilinu að Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Skjalafals, með því að hafa 6. og 7. ágúst 1984 staðið saman að fölsun og sölu á eftirgreindum 2 tékkum, sem ákærða Sólrún ritaði á eyðublöð úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands á Höfn í Hornafirði, sem hún hafði komist yfir með þjófnaði samkvæmt ákærulið II, 1, hér á eftir, en ákærða gaf tékkana út til handhafa en valdi reikningsnúmer af handahófi:

Tékki nr. 616689, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 7. ágúst 1984 með útgefandanafninu Elín Jónsdóttir. Framseldur af ákærða V, sem seldi tékkann í söluturninum Kjalfelli, Gnoðarvogi 78 í Reykjavík.

Tékki nr. 616692, að fjárhæð kr. 1.700, dagsettur 5. ágúst 1984 með útgefandanafninu Elín Jónsdóttir. Seldur á veitingastaðnum Sælkeranum, Austurstræti 17 í Reykjavík. (RLR mál nr. 2508/85).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

3.

Tékkasvik með því að hafa, um áramótin 1984/1985, staðið saman að sölu á eftirgreindum 16 tékkum sem þau gáfu út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkhefti frá aðalbanka Útvegsbanka Íslands, sem ákærða Sólrún hafði komist yfir með þjófnaði samkvæmt ákærulið II, 3, en reikningsnúmer rituðu þau af handahófi á tékkana:

Tékkar gefnir út og framseldir af ákærðu Sólrúnu:

Tékki nr. 2309495, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 30.12. 1984. Seldur á einni af afgreiðslum Flugleiða hf. við Reykjavíkurlflugvöll.

Tékki nr. 2309496, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Sama notkun.

Tékki nr. 2309497, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í veitingastaðnum Hollywood, Ármúla 5 í Reykjavík.

Tékki nr. 2309478, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í versluninni Hvammseli, Smárahvammi 5 í Hafnarfirði.

Tékki nr. 2309481, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í verslun í Keflavík.

Tékki nr. 2309485, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 24.12. 1984. Sölu- staður óviss. Innleystur af Sparisjóði Kópavogs.

Tékki nr. 2309489, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í biðskýlinu á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

Tékki nr. 2309480, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í sölurninum Staldrinu, Stekkjarbakka 2 í Reykjavík.

Tékki nr. 2309492, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 27.12. 1984. Sama notkun.

Tékki nr. 2309479, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 25.12. 1984. Seldur á einni af afgangslum Flugleiða hf. við Reykjavíkurflogvöll.

Tékki nr. 2309491, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Sama notkun.

Tékki nr. 2309476, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 26.12.1984. Seldur í veitingasölu Kaupfélags Húsavíkur á Húsavík.

Tékkar gefnir úr af ákærða V:

Tékki nr. 2309486, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 01.01. 1985. Notaður til kaupa á veitingum hjá Næturgryllinu í Reykjavík.

Tékki nr. 2309498, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 31.12. 1984. Notkun óviss. Innleystur af Olíuverslun Íslands.

Tékki nr. 2309487, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 02.01. 1985. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

Tékki nr. 2309488, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 31.12. 1984. Seldur á einni af flugeldasölum Hjálparsveita skáta í Reykjavík. (RLR mál nr. 11/1985).

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

4.

Fjársvik með því að hafa, sunnudaginn 17. febrúar 1985, pantað og síðan neytt málsverðar og veitinga á veitingastaðnum Hótel Holti, Bergstaða- stræti 37 í Reykjavík án þess að eiga fé til að greiða fyrir veitingarnar sem kostuðu 3.024 krónur, en ákærða Sólrún framvísaði sem greiðslu 10.000 króna innistæðulausum tékka, sem hún gaf út til handhafa á eyðublað nr. 676974 frá Búnaðarbanka Íslands í Mosfellssveit, er hún hafði komist yfir, en reikningsnúmer ritaði hún af handahófi með fullri vitneskju meðákærða V um innistæðuleysi tékkans. (RLR mál nr. 677/85).

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaga.

II. Ákærðu Sólrúnu er einni gefið að sök:

1.

Að hafa, mánudaginn 6. ágúst 1984, stolið seðlaveski með tékkhefti frá Landsbanka Íslands á Höfn í Hornafirði þá er hún var gestkomandi í íbúð að Hátúni 10 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

2.

Skjalafals með því að hafa, hinn 6. ágúst 1984, selt í Reykjavík eftirgreinda 2 tékka sem hún falsaði á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti frá Landsbanka Íslands á Höfn.

Tékki nr. 616697 að fjárhæð kr. 750, dagsettur 06.08. 1984 með útgefanda- og framseljandanafninu Elín Jónsdóttir. Seldur á Bifreiðastöð Íslands við Hringbraut.

Tékki nr. 616698, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 06.08. 1984, með útgefanda- og framseljandanafninu Soley Elisdóttir. Seldur á einni af bensinstöðvum Olíuverslunar Íslands hf. (Úr RLR máli nr. 2508/85).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

3.

Sunnudaginn 23. desember 1984 stolið tékkhefti frá aðalbanka Útvegsbanka Íslands þá er hún var gestkomandi í Austurbergi 38 í Reykjavík. (RLR mál nr. 11/1985).

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

4.

Tékkasvik með því að hafa, hinn 15. febrúar 1985, selt í versluninni Skósel, Laugavegi 44 í Reykjavík, 10.000 króna tékka, sem hún gaf út til handhafa á eyðublað nr. 676975 frá Búnaðarbanka Íslands í Mosfellssveit, sem hún hafði komist yfir, en reikningsnúmerið 2088 ritaði hún af handahófi. (RLR mál nr. 677/1985).

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

5.

Tékkafals með því að hafa, í októberlok 1984, notað í viðskiptum eftirgreinda 2 tékka, sem hún falsaði á eyðublöð frá aðalbanka Útvegsbanka Íslands en tékkana gaf hún út til handahafa á reikning nr. 2651 með útgefandanafninu Páll Gíslason:

Tékki nr. 527516, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 25.10. 1984. Seldur í einni af verslunum Nestis hf. í Reykjavík.

Tékki nr. 527520, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 28.10. 1984. Notkun óviss. Innleystur af Olíuverslun Íslands hf. í Garðakaupstað.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Tékkafals með því að hafa í byrjun nóvember 1984 notað í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 5 tékka, sem hún falsaði á eyðublöð frá Sparisjóðnum í Keflavík, nema annað sé tekið fram, með útgefandanafninu Guðrún Gísladóttir, en tékkana gaf hún út til handahafa:

Tékki nr. 1735196, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 5.11. 1984. Seldur í versluninni Vínberíð, Laugavegi 43.

Tékki nr. 1735197, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 04.11. 1984. Seldur í söluturninum Barónsstíg 27.

Tékki nr. 1735200, að fjárhæð kr. 4.500, dagsettur 03.11. 1984. Sama notkun.

Tékki nr. 1735198, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 05.11. 1984. Notkun óviss. (RLR mál nr. 3722/84).

Tékki nr. 605800 frá Landsbanka Íslands í Grindavík, að fjárhæð kr. 3.500. Seldur í söluturninum Versturgötu 53. (RLR mál nr. 3818/85).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlagna.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Sólrúnar Elísadóttur, hefur hún sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

— — —

[Sjá bls. 23.]

Málavextir:

I. kafli ákæru.

Ákærðu hafa bæði hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi viðurkennt eftirtalin brot sín:

1. Mánudaginn 6. ágúst 1984, stolið myndbandstæki af gerðinni Nordmende og sambyggðu útvarps- og segulbandstæki af gerðinni Grundig á Vistheimilinu að Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit. Fyrirnefnda tækið fannst á heimili ákærðu og komst til skila. Hitt létu þau leigubifreiðarstjóra hafa til greiðslu á akstri kr. 660 og fengu mismun, kr. 2.340 til baka. Verknaður telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og þykir sannaður með viðurkenningu ákærðu og stoð í öðrum gögnum. Skaðabótakröfu frá Axel Kristni Vignissyni hafa ákærðu samþykkt og verða dæmd til að greiða honum þá fjárhæð.

2. Dagana 6. og 7. ágúst 1984 staðið saman að fölsun og sölu á eftirgreindum 2 tékkum, sem ákærða Sólrún ritaði á eyðublöð úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands á Höfn í Hornafirði, sem hún hafði komist yfir með

þjófnaði, sbr. II. kafla hér á eftir, en ákærða gaf tékkana út til handhafa en valdi reikningsnúmer af handahófi.

Tékki nr. 616689, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 7. ágúst 1984 með útgefandanafninu Elín Jónsdóttir. Framseldur af ákærða V, sem seldi tékkann í söluturninum Kjalfelli, Gnoðarvogi 78 í Reykjavík.

Tékki nr. 616692, að fjárhæð kr. 1.700, dagsettur 5. ágúst 1984 með útgefandanafninu Elín Jónsdóttir. Seldur á veitingastaðnum Sælkeranum, Austurstræti 17 í Reykjavík.

Með viðurkenningu ákærðu beggja og stoð í sakargögnum teljast þessir verknaðir þeirra sannaðir og varða þeir við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu hafa samþykkt eftirtaldar bótakröfur og verða dæmd til að greiða samkvæmt því:

Söluturninum Kjalfelli kr. 1.500.

Veitingahúsinu Sælkeranum, kr. 1.700 ásamt dómvöxtum frá 7/8 1984 til greiðsludags.

3. Um áramótin 1984/1985, staðið saman að sölu á eftirgreindum 16 tékkum, sem þau gáfu út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkhefti frá aðalbanka Útvegsbanka Íslands, sem ákærða Sólrún hafði komist yfir með þjófnaði, sbr. II. kafla hér á eftir, en reikningsnúmer rituðu þau af handahófi á tékkana:

Tékkar gefnir út og framseldir af ákærðu Sólrúnu:

Tékki nr. 2309495, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 30.12. 1984. Seldur á einni af afgreiðslum Flugleiða hf. við Reykjavíkurlflugvöll.

Tékki nr. 2309496, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Sama notkun.

Tékki nr. 2309497, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í veitingastaðnum Hollywood, Ármúla 5 í Reykjavík.

Tékki nr. 2309478, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í versluninni Hvammseli, Smárahvammi 5 í Hafnarfirði.

Tékki nr. 2309481, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í verslun í Keflavík.

Tékki nr. 2309485, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 24.12. 1984. Sölustaður óviss. Innleystur af Sparisjóði Kópavogs.

Tékki nr. 2309489, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í biðskýlinu á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

Tékki nr. 2309480, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Seldur í söluturninum Staldrinu, Stekkjarbakka 2 í Reykjavík.

Tékki nr. 2309492, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 27.12. 1984. Sama notkun.

Tékki nr. 2309479, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 25.12. 1984. Seldur á einni af afgreiðslum Flugleiða hf. við Reykjavíkurlflugvöll.

Tékki nr. 2309491, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 26.12. 1984. Sama notkun.

Tékki nr. 2309476, að fjárhæð kr. 6.000; dagsettur 26.12. 1984. Seldur í veitingasölu Kaupfélags Húsavíkur á Húsavík.

Tékkar gefnir út af ákærða V:

Tékki nr. 2309486, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 01.01. 1985. Notaður til kaupa á veitingum hjá Næturgriðlinu í Reykjavík.

Tékki nr. 2309498, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 31.12. 1984. Notkun óviss. Innleystur af Oliúverslun Íslands.

Tékki nr. 2309487, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 02.01. 1985. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

Tékki nr. 2309488, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 31.12. 1984. Seldur á einni af flugeldasölum Hjálparsveita skáta í Reykjavík.

Með viðurkenningu ákærðu beggja og stoð í sakargögnnum teljast verknaðir samkvæmt þessum lið ákæru sannaðir og varða þeir við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu hafa samþykkt eftirtaldir bótakröfur, sem þykja rökstuddar og réttar og verða dæmd til að greiða samkvæmt því:

Flugleiðum hf., kr. 8.000.

Veitingahúsinu Hollywood kr. 4.000.

Versluninni Hvammsemi, Smárahvammi 2, kr. 6.000 ásamt dómvöxtum frá 27/12 1984 til greiðsludags.

Útvegsbanka Íslands, kr. 6.000.

Sparisjóði Kópavogs, kr. 2.500 ásamt dómvöxtum frá 27/12 1984 til greiðsludags.

Biðskýlinu Hvaleyraholti, kr. 4.000, ásamt dómvöxtum frá 27/12 1984 til greiðsludags.

Stekk hf., Stekkjarbakka 2, samtals kr. 6.500 ásamt dómvöxtum frá 28/12 1984 til greiðsludags.

Flugleiðum hf., kr. 10.000.

Kaupfélagi Þingeyinga, Húsavík, kr. 6.000 ásamt dráttarvöxtum frá 31/12 1984 til greiðsludags.

Næturgriðlinu sf., Laugavegi 17, kr. 1.000 ásamt dómvöxtum frá 3/1 1985 til greiðsludags.

Oliúverslun Íslands hf., kr. 4.000 ásamt dómvöxtum frá 3/1 1985 til greiðsludags.

Hjálparsveit skáta í Reykjavík, kr. 3.000 ásamt dómvöxtum frá 3/1 1985 til greiðsludags.

4. Sunnudaginn 17. febrúar 1985, pantað og síðan nýtt málsverðar og veitinga á veitingastaðnum Hótel Holti, Bergstaðastræti 37 í Reykjavík án

Þess að eiga fé til að greiða fyrir veitingarnar, sem kostuðu 3.024 krónur, en ákærða Sólrún framvísaði sem greiðslu 10.000 króna innistæðulausum tékka, sem hún gaf út til handhafa á eyðublað nr. 676974 frá Búnaðarbanka Íslands í Mosfellssveit, er hún hafði komist yfir, en reikningsnúmer ritaði hún af handahófi með fullri vitneskju meðákærða V um innistæðuleysi tékkans.

Með viðurkenningu ákærðu beggja og stoð í sakargögnum telst þessi verknaður þeirra sannaður og varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakrafa frá Hótel Holti er að fjárhæð kr. 3.024 og er samkvæmt reikningi fyrir þær veitingar, er ákærðu neyttu. Verða þau dæmd til að greiða þessa fjárhæð.

II. kafli ákæru.

Ákærða, Sólrún Elísdóttir, hefur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi viðurkennt eftirtalin brot sín:

1. Mánudaginn 6. ágúst 1984, stolið seðlaveski með tékkhefti frá Landsbanka Íslands á Höfn í Hornafirði þá er hún var gestkomandi í íbúð að Hátúni 10 í Reykjavík.

Með viðurkenningu ákærðu Sólrúnar, og stoð í sakargögnum telst þessi verknaður hennar sannaður og varðar hann við 244. gr. hegningarlaga.

Seðlaveskið komst til skila ásamt persónuskilríkjum og tveim lyfseðlum, er í því voru. Engin Skaðabótakrafa er höfð uppi vegna þessa þjófnaðadar.

2. Mánudaginn 6. ágúst 1984, selt í Reykjavík eftirgreinda 2 tékka, sem hún falsaði á eyðublað úr ofangreindu tékkhefti frá Landsbanka Íslands á Höfn:

Tékki nr. 616697, að fjárhæð kr. 750, dagsettur 06.08. 1984 með útgefanda- og framseljandanafninu Elín Jónsdóttir. Seldur á bifreiðastöð Íslands við Hringbraut.

Tékki nr. 616698, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 06.08. 1984, með útgefanda- og framseljandanafninu Soley Elísdóttir. Seldur á einni af bensínstöðvum Oliuverslunar Íslands hf.

Þessir verknaðir ákærðu Sólrúnar teljast sannaðir með viðurkenningu hennar og stoð í sakargögnum og varða þeir við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða hefur samþykkt bótakröfur frá eftirtöldum og verður dæmd til að greiða þær:

Bifreiðastöð Íslands, kr. 750 ásamt dráttarvöxtum frá 7/8 1984 til greiðsludags.

Oliuverslun Íslands hf., kr. 1.000 ásamt dómvöxtum frá 10/8 1984 til greiðsludags.

3. Sunnudaginn 23. desember 1984 stolið tékkhefti frá aðalbanka Útvegs-

banka Íslands þá er hún var gestkomandi í Austurbergi 38 í Reykjavík. Þessi verknaður ákærðu, Sólrúnar, telst sannaður með viðurkenningu hennar og stoð í sakargögnum og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Þann 15. febrúar 1985, selt í versluninni Skósel, Laugavegi 44 í Reykjavík, 10.000 króna tékka, sem hún gaf út til handhafa á eyðublað nr. 676975 frá Búnaðarbanka Íslands í Mosfellssveit, sem hún hafði komist yfir, en reikningsnúmerið 2088 ritaði hún af handahófi.

Þessi verknaður ákærðu Sólrúnar telst sannaður með stoð í viðurkenningu hennar og öðrum sakargögnum og varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Verslunin Skósel, Laugavegi 44 hefur sett fram skaðabótakröfu fyrir fjárhæð tékkans, kr. 10.000, og verður ákærða dæmd til að greiða þá upphæð.

5. Í lok októbermánaðar 1984, notað í viðskiptum eftirgreinda 2 tékka, sem hún falsaði á eyðublað frá aðalbanka Útvegsbanka Íslands en tékkana gaf hún út til handhafa á reikning nr. 2651 með útgefandanafninu Páll Gíslason:

Tékki nr. 527516, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 25.10. 1984. Seldur í einni af verslunum Nestis hf. í Reykjavík.

Tékki nr. 527520, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 28.10. 1984. Notkun óviss. Innleystur af Oluverslun Íslands hf. í Garðakaupstað.

Þessir verknaðir ákærðu Sólrúnar teljast sannaðir með viðurkenningu hennar og stoð í sakargögnum og varða þeir við 1. mgr. 155. gr almennra hegningarlaga. Ákærða hefur samþykkt bótakröfur frá eftirtöldum og verður dæmd til að greiða þær:

Verslunin Nesti hf., Bildshöfða 2, kr. 3.000.

Oluverslun Íslands hf., kr. 2.000 ásamt dómvöxtum frá 29/10 1984 til greiðsludags.

6. Í byrjun nóvember 1984 notað í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 5 tékka, sem hún falsaði á eyðublað frá Sparisjóðnum í Keflavík, nema annað sé tekið fram, með útgefandanafninu Guðrún Gísladóttir en tékkana gaf hún út til handhafa:

Tékki nr. 1735196, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 05.11. 1984. Seldur í versluninni Vínberinu, Laugavegi 43.

Tékki nr. 1735197, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 04.11. 1984. Seldur í söluturninum Barónsstíg 27.

Tékki nr. 1735200, að fjárhæð kr. 4.500, dagsettur 03.11. 1984. Sama notkun.

Tékki nr. 1735198, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 05.11. 1984. Notkun óviss. (RLR mál nr. 3722/84).

Tékki nr. 605800 frá Landsbanka Íslands í Grindavík, að fjárhæð kr. 3.500. Seldur í söluturninum Vesturgötu 53.

Þessir verknaðir ákærðu Sólrúnar teljast sannaðir með viðurkenningu hennar og stoð í sakargögnum og varða þeir við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða hefur samþykkt skaðabótakröfur frá eftirtöldum sem eins og aðrar framangreindar kröfur á hendur henni eru réttar og rökstuddar og verður hún dæmd til að greiða þær:

Versluninni Vínberinu, Laugavegi 43, kr. 2.000.

Söluturninum Barónsstíg 27, kr. 7.500 samtals ásamt dómvöxtum frá 5/11 1984 til greiðsludags.

Söluturninum Vesturgötu 23, kr. 3.500 ásamt dómvöxtum frá 5/11 1984 til greiðsludags.

— — —

Ákvörðun refsinga:

Ákærða, Sólrún Elísdóttir, var þann 25. mars 1985 með dómi sakadóms Reykjavíkur dæmd í 3 mánaða fangelsi og síðan aftur 19. þ.m. í 5 mánaða fangelsi, sem var hegingarauki við fyrri dóminn. Henni verður nú á ný ákveðinn hegingarauki og þykir hann hæfilegur 6 mánaða fangelsi.

— — —

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar og skulu þau greiða hann óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Sólrún Elísdóttir og V, sæti hvort um sig 6 mánaða fangelsi.

Ákærðu greiði óskipt skaðabætur til eftirtalinna:

Axel Kristni Vignissyni, Ugluhólum 8, kr. 3.000.

Söluturninum Kjalfell, Gnoðarvogi 78, kr. 1.500.

Veitingahúsinu Sælkerinn, kr. 1.700 ásamt dómvöxtum frá 7/8 1984 til greiðsludags.

Flugleiðum hf., samtals kr. 18.000.

Veitingahúsinu Hollywood, kr. 4.000.

Versluninni Hvammisel, Smárahvammi 2, kr. 6.000 ásamt dómvöxtum frá 27/12 1984 til greiðsludags.

Útvegsbanka Íslands, útibúinu Keflavík, kr. 6.000.

Sparisjóði Kópavogs, kr. 2.500 ásamt dómvöxtum frá 27/12 1984 til greiðsludags.

Biðskýlinu Hvaleyrarholti, kr. 4.000 ásamt dómvöxtum frá 27/12 1984 til greiðsludags.

Stekk hf., Stekkjarbakka 2, samtals kr. 6.500 ásamt dómvöxtum frá 28/12 1984 til greiðsludags.

Kaupfélagi Þingeyinga, Húsavík, kr. 6.000 ásamt dráttarvöxtum frá 31/12 1984 til greiðsludags.

Næturgrillinu sf., Laugavegi 17, kr. 1.000 ásamt dómvöxtum frá 3/1 1985 til greiðsludags.

Oliuverslun Íslands hf., kr. 4.000 ásamt dómvöxtum frá 3/1 1985 til greiðsludags.

Hjálparsveit skáta í Reykjavík, kr. 3.000 ásamt dómvöxtum frá 3/1 1985 til greiðsludags.

Hótel Holti, Reykjavík, kr. 3.024.

Ákærða, Sólrún, greiði ein skaðabætur til eftirtalinna:

Bifreiðastöð Íslands, kr. 750 ásamt dráttarvöxtum frá 7/8 1984 til greiðsludags.

Oliuverslun Íslands hf., samtals kr. 3.000 ásamt dómvöxtum af kr. 1.000 frá 10/8 1984 til 29/10 1984 og af kr. 3.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Verzluninni Skósel, Laugavegi 44, kr. 10.000.

Verzluninni Nesti hf., Bíldshöfða 2, kr. 3.000.

Verzluninni Vínberid, Laugavegi 43, kr. 2.000.

Söluturninum Barónsstíg 27, samtals kr. 7.500 ásamt dómvöxtum frá 5/11 1984 til greiðsludags.

Söluturninum Vesturgötu 23, kr. 3.500 ásamt dómvöxtum frá 5/11 1984 til greiðsludags.

— — —
Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.
